

Á Landsmótinu í Egilshöllinni voru okkar skotmenn að hala inn flestum verðlaunum. Ásgeir sigraði í loftskammyssu karla og Þorsteinn Guðjonsson varð þriðji, Jórunn vann í loftskammyssu kvenna og Inga Birna varð í þriðja sæti. A-liðið okkar sigraði í liðakeppninni og B-liðið varð í þriðja sæti. Í loftríffli sigraði Guðmundur Helgi og Sigfús Tryggvi varð annar. Frábær árangur okkar fólks toppaði frábært mót en þetta var eitt fjölmennasta mót sem haldið hefur verið í skotfimi hérlandis hin síðari ár. Mikill áhugi er á loftbyssuskotfimi og hefur aðsókn verið að aukast á æfingakvöldin okkar. Hér eru [úrslitin](#) og myndir eru [hérna](#).